



Samantekt á rekstri sjávarútvegsfélaga

Rekstrarafkoma 2016 og áætluð afkoma 2017

Lokaskýrsla

Deloitte Fjármálaráðgjöf | 6. mars 2018

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagata 4
101 Reykjavík
Bt. Jóhann Guðmundsson

Deloitte ehf.
Kt. 521098-2449
Smáratorgi 3
201 Kópavogur
Ísland
Sími: 580 3000
Fax: 580 3001
www.deloitte.is

Kópavogur, 6. mars 2018

Samantekt á rekstri íslensks sjávarútvegs

Að beiðni Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins („verkkaupi“) hefur Deloitte tekið saman yfirlit um rekstur sjávarútvegsfélaga á árinu 2016 og framkvæmt greiningu á áætlaðri þróun rekstrar sjávarútvegsfélaga á árinu 2017.

Vinna Deloitte byggir á verksamningi dagsettum 15. ágúst 2017. Greiningin byggir á ársreikningum vegna ársins 2016 en mat á þróun 2017 byggir á forsendum um gengisþróun, afurðarverði í erlendri mynt, úthlutaðri aflaheimild, launaþróun, olíuverði og upplýsingar úr uppgjörum einstakra félaga.

Ákvörðunartaka í tengslum við niðurstöður greiningarinnar er í höndum verkkaupa og tekur Deloitte ekki ábyrgð á ákvörðunum sem kunna að verða teknar eru á grundvelli niðurstöðunnar.

Virðingarfyllt,
Deloitte Fjármálaráðgjöf

Jónas Gestur Jónasson

Meðeigandi, yfirmaður sjávarútvegsteymis
Sími: 898-2495
Netfang: jjonasson@deloitte.is

Lovísa Anna Finnbjörnsdóttir

Meðeigandi, fjármálaráðgjöf
Sími: 770-4942
Netfang: lfinnbjornsdottir@deloitte.is

Jóhanna Katrín Pálsdóttir

Verkefnastjóri, fjármálaráðgjöf
Farsími: 840-6115
Netfang: jpalsdottir@deloitte.is

Efnisyfirlit

Samantekt	3
Rekstur sjávarútvegs 2016	5
Vænt afkoma sjávarútvegs 2017	14

Samantekt | Lykilniðurstöður


Ytra umhverfi var ekki hagstætt sjávarútvegsfélögum á árinu 2016. Útlit er fyrir að afkoma versni áfram 2017

Lykilniðurstöður


- Tekjur í sjávarútvegi drógust saman um 25 ma.kr. eða 9% árið 2016. Tekjutapinu var að hluta mætt með lækkingu kostnaðar og lækkaði EBITDA um 15 ma.kr. eða 22%.
- Afkoma sjávarútvegs versnaði milli ára óháð úthlutuðum afla. Stærri félög virðast þó eiga auðveldara með að ná fram kostnaðarsparnaði á mótí tekjusamdrætti.
- Afkoma botnfiskútgerða og vinnslu versnaði mest milli ára en félög í botnfiskútgerð urðu af mestu tekjunum. Afkoma og tekjur lækkuðu í öllum flokkum milli ára.
- Deloitte áætla að tekjur verði á bilinu 230-240 m.kr. og EBITDA á bilinu 37-45 ma.kr. árið 2017.
- Greining Deloitte sýnir að allar líkur eru á að afkoma versni enn nokkuð á rekstrarárinu 2017.
- Á því tímabili sem var til skoðunar þróuðust ytri hagstærðir almennt með neikvæðum hætti fyrir sjávarútvegsfélög. Verðlag sjávarafurða hefur lækkað verulega í íslenskum krónum og launavísitala hefur hækkað töluvert. Lækkun olíuverðs hafði nokkuð jákvæð áhrif á afkomu ársins 2016 en á árinu 2017 hefur olíuverð tekið að hækka að nýju.



Tekjur (ma.kr.)



EBITDA (ma.kr.)



Efnisyfirlit


Samantekt	3
Rekstur sjávarútvegs 2016	5
Vænt afkoma sjávarútvegs 2017	14

Rekstur sjávarútvegs á árinu 2016


Tekjur í sjávarútvegi drógust saman um 9% milli árana 2015 og 2016. Ástæðuna má rekja til styrkingar krónunnar og minni loðnafla

Tekjur lækka talsvert milli ára

- Greining Deloitte á afkomu sjávarútvegsfyrirtækja sýnir að tekjur lækkuðu um 9% milli árana 2015 og 2016.
- Úttekt Deloitte byggir á ársreikningum sjávarútvegsfélaga fyrir árið 2016. Gögn Deloitte ná til um 90,6% þorskígilda en tölur vegna ársins 2015 ná til 90,7%, samtölurnar sem hér eru birtar hafa verið skalaðar upp í 100%.
- Heildar afli dróst saman um tæp 19%. Samdrátturinn skýrist að nær öllu leyti af loðnubresti en veitt magn loðnu 2016 var einungis rúmlega fjórðungur af veiddu magni fyrra árs.
- Verðlag sjávarafurða í erlendri mynt hækkaði að meðaltali um 2,9% milli ára. Verðlag í íslenski krónu lækkaði hins vegar að meðaltali um 6,4%.




Verðvísitölur sjávarafurða – breyting á meðalverði milli ára



Heimild: Hagstofa Íslands, Deloitte





Samantekt á rekstri sjávarútvegsfélaga 6. mars 2018





Rekstur sjávarútvegs á árinu 2016

Verðvísitölur sjávarafurða í íslenskum krónum lækkuðu á árinu og heildarafli dróst saman






Rekstur sjávarútvegs á árinu 2016


EBITDA sjávarútvegsfyrirtækja lækkaði um 22% milli árana 2015 og 2016 þrátt fyrir að félög næðu að mæta hluta tekjusamdráttar með lækkun kostnaðar

EBITDA lækkar talsvert

- EBITDA afkoma sjávarútvegsfyrirtækja lækkaði verulega milli ára eða um 22%. Sjávarútvegsfyrirtæki náðu þó að einhverju marki að vega upp neikvæða tekjuþróun með lækkun kostnaðar.
- Laun- og launatengd gjöld voru samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar 34% af tekjum 2015. Vísitala launa hækkaði að meðaltali um 11,4% 2016. Tæplega helmingur launakostnaðar sjávarútvegs er í formi aflahlutar sjómanna og sá hluti kostnaðar fylgir því tekjum greinarinnar.
- Olíuverðspróun féll með sjávarútvegsfélögum á árinu 2016 en Brent hráolía lækkaði að meðaltali um 23,4% milli ára í íslenskum krónum (15,7% í USD)
- Meðalgengi krónu 2016 var 10,6% sterkara en 2015. Þrátt fyrir að styrking krónunnar hafi haft neikvæð áhrif á tekjur greinarinnar hefur hún án efa unnið með greininni að hluta hvað varðar ýmis keypt aðföng s.s. olíu, varahluti, veiðarfæri og umbúðir.



Heimild: Deloitte



Launavísitala +11,4%






Olíuverð -23,4%



Gengisvísitalan -10,6%

Rekstur sjávarútvegs á árinu 2016

Heimsmarkaðsverð á olíu lækkaði milli árana 2015 og 2016 og krónan styrktist, launavísitala hækkaði hins vegar verulega á sama tíma





Rekstur sjávarútvegs á árinu 2016


Gengispróun hefur mismikil áhrif á sjávarútvegsfélög, gengispróun helstu viðskiptalanda hverju sinni hefur áhrif sem og áhættuvarnir

Gjaldeyrishreyfingar snerta félög mismikið


- Gengispróun hefur mismikil áhrif á sjávarútvegsfélög. Þau félög sem hafa getað skulðsett sig í erlendri mynt hafa innri áhættuvörn á rekstrarafkomu í gegnum efnahagsreikning.
- Gengi krónunnar hefur styrkst gagnvart öllum helstu viðskiptamyntum í sjávarútvegi nema japanska yeninu.
- Sjávarútvegsfélög geta að einhverju marki keypt gjaldeyrisvarnir af fjármálafyrirtækjum. Slíkar varnir eru þó skammgóður vermír þar sem þær verja alla jafnan einungis starfsemina til skilgreinds tíma, eftir að þeim tíma líkur verða varnir einungis keyptar við það gengi krónu sem verður á þeim tíma. Lengri tíma styrkingarferli mun því óhjákvæmilega hafa áhrif á rekstur sjávarútvegsfélaga sem og annarra útflutningsfélaga.



Hlutdeild í útflutningi sjávarafurða



Breyting á meðalgengi mynta milli árana 2015 og 2016





Rekstur sjávarútvegs á árinu 2016


Tekjur lækkuðu hlutfallslega mest hjá sjávarútvegsfyrirtækjum með mestu aflaheimildirnar, EBITDA dróst verulega saman hjá félögum í öllum stærðarflokkum

Rekstur eftir stærð félaga

- Sjávarútvegsfélögum hefur verið skipt í þrjá flokka á grundvelli aflaheimilda.
 - Fyrirtæki með aflaheimildir yfir 4.000 þíg.tonn.
 - Fyrirtæki með aflaheimildir á bilinu 1.000 – 4.000 þíg.tonn
 - Fyrirtæki með aflaheimildir undir 1.000 þíg.tonn.
- Úrtak þetta samanstendur af 82 sjávarútvegsfélögum sem Deloitte hefur fengið upplýsingar um fyrir árin 2015 og 2016 auk 256 félaga sem hafa aflaheimildir undir 1.000 þíg.tonn.
- Upplýsingar yfir rekstrarafkomu fyrirtækja með minnstu aflaheimildirnar fengust frá Hagstofu Íslands.
- Tekjur lækkuðu um 12% hjá fyrirtækjum með mestu aflaheimildirnar. Frekari greiningar leiddu hins vegar í ljós að stærri félögin náðu frekar að spara nokkurn kostnað á móti tekjutapi.
- Rekstrarafkoma lækkar um 8%-20% hjá flokkunum þremur milli ára og hlutfallslega mest hjá stærri félögum.




Breyting á tekjum milli ára 2015 og 2016
Flokkun eftir aflaheimildum í þíg.tonn



Heimild: Deloitte og Hagstofa Íslands



Breyting á EBITDA milli 2015 og 2016
Flokkun eftir aflaheimildum í þíg.tonn



Heimild: Deloitte og Hagstofa Íslands



Rekstur sjávarútvegs á árinu 2016

Tekjur og EBITDA lækka í öllum flokkum milli ára

Rekstur eftir tegund félaga

- Þegar litið er til eðli sjávarútvegsfélaga má skipta þeim í 3 flokka:
 - Blönduð uppsjávar- og botnfiskfélög
 - Botnfiskútgerð og vinnsla
 - Botnfiskútgerð
- Tekjur botnfiskfélögum lækkuðu mest eða um 21% milli ára.
- EBITDA framlegð lækkaði mest hjá félögum í botnfisk útgerð og vinnslu vegna aukins rekstrarkostnaðar en rekstrarkostnaður hinna flokkana lækkaði.




Blönduð uppsjávar og botnfiskfélög
Breyting milli ára



Heimild: Deloitte




Botnfiskútgerð og vinnsla
Breyting milli ára



Heimild: Deloitte



Botnfiskútgerð
Breyting milli ára




Heimild: Deloitte



Rekstur sjávarútvegs á árunum 2014 - 2016


Afkoma eftir tegund skipa samkvæmt Hagstofu Íslands

Tekjur eftir tegund skips (ma.kr.)



Heimild: Hagstofa Íslands

EBITDA eftir tegund skipa (ma.kr.)



Heimild: Hagstofa Íslands

Skuldsetning sjávarútvegs 2016


Skuldir sjávarútvegsfélaga lækka en skuldir í hlutfalli af EBITDA hækka

Áframhaldandi jákvæð þróun skuldastöðu

- Skuldastaða greinarinnar í heild þróaðist með jákvæðum hætti að því leyti að heildarskuldir lækkuðu og eiginfjárlutfall hækkaði.
- Lækkun skulda má að nokkru leyti rekja til styrkingar krónunnar sem leitt hefur til lækkunar skulda í erlendri mynt. Félög eru eðlilega mis skuldsett í mynt.
- Greiðslugeta versnaði hins vegar heldur þar sem skuldir í hlutfalli af EBITDA lækkuðu.




Þróun heildar skulda sjávarútvegsfélaga



Heimild: Deloitte



Fjármögnun sjávarútvegs 2015




Heimild: Deloitte

Samantekt á rekstri sjávarútvegsfélaga 6. mars 2018



Fjármögnun sjávarútvegs 2016



Heimild: Deloitte

Efnisyfirlit


Samantekt	3
Rekstur sjávarútvegs 2016	5
Vænt afkoma sjávarútvegs 2017	14

Vænt afkoma sjávarútvegs 2017

Verkfall sjómanna og lækkað verð í íslenskum krónum koma til með að setja svip sinn á afkomu sjávarútvegsfyrirtækja 2017


Magn eykst en verð lækkar

- Á árinu 2017 er veitt magn um 10% meira en 2016. Munar þar mestu um auknar veiðar á loðnu samanborið við síðasta ár. Á sama tíma hefur hins vegar veitt magn í nokkrum mikilvægum tegundum dregist saman.
- Á nýliðnu fiskveiðiári jukust aflaheimildir um 22% samanborið við fiskveiðiárið 15/16. Afli til aflamarks stóð hins vegar því sem næst í stað milli ára.
- Meðalverð á sjávarafurðum lækkaði talsvert milli ára í íslenskum krónum eða um 8,1% þrátt fyrir hækkun í erlendri mynt.
- Miðað við aflaverðmæti má gera ráð fyrir samdrætti á rekstrartekjum sjávarútvegsfélaga. Þar hefur áhrif lækkað markaðsverð í íslenskum krónum sem og samsetning heildarafla.




Heimild: Fiskistofa (skv. aflastöðulista að viðlagri stöðu í makríl)

Samantekt á rekstri sjávarútvegsfélaga 6. mars 2018



Heimild: Deloitte






Heimild: Hagstofan



Rekstur sjávarútvegs á árinu 2017


Verðvísitölur sjávarafurða í íslenskum krónum héldu áfram að lækka 2017, heildaraflinn jókst hins vegar um 10% milli ára






Vænt afkoma sjávarútvegs 2017

Olíuverð hefur að meðaltali hækkað milli ára og gengi krónunnar hefur styrkst. Launavísitala hefur haldið áfram að hækka á árinu


 Þróun olíuverðs (1.jan.2015=100)





 kr. Þróun gengisvísitölu (1.jan.2015=100)



 Þróun launavísitölu (1.jan.2015=100)



 Breyting á meðalgengi milli árunna 2016 og 2017




Vænt afkoma sjávarútvegs 2017

Miðað við þróun hagstærða standa líkur til þess að EBITDA framlegð í sjávarútvegi lækki milli ára

Líkur standa til að EBITDA lækki 2017

- Miðað við hreyfingu helstu hagstærða og útflutningsverðmæti sjávarafurða má reikna með að EBITDA lækki milli ára.
- Erfitt er að spá með vissu fyrir um getu fyrirtækjanna til að bregðast við neikvæðum ytri aðstæðum til skemmri tíma. Þessi niðurstaða er studd í fyrstu birtu ársreikningum 2017 sem og ársreikningum félaga sem eru með fiskveiðiárið sem sitt uppgjörssár (fiskveiðiárinu lauk 31. ágúst 2017).
- Rekstrarkostnaður að því marki er hann snýr að sjósókn og aflahlut, lækkar sökum sjómannaverkfalls á fyrstu tveimur mánuðum þessa árs. Hins vegar báru félögin töluverðan kostnað af landvinnslu á meðan verkfallinu stóð en höfðu litlar sem engar tekjur.



Launavísitala + 6,8%



Olíuverð + 8,5%



Gengisvísitalan – 10,7%

Þetta skjal var unnið af Fjármálaráðgjöf Deloitte ehf. Eftirfarandi skal gilda um allar upplýsingar í þessu skjali nema annað sé tekið fram. Upplýsingarnar, einkum tölur, gögn og áætlanir, eru til bráðabirgða og er tilgangur þeirra eingöngu að mynda umræðugrunn meðal stjórnenda. Við staðfestum hvorki að upplýsingarnar séu réttar né tæmandi og ætti því ekki að treysta á gögnin sem slík. Staðfestingarvinna á umræddum upplýsingum hefur ekki verið unnin af hálfu Deloitte. Allar ályktanir og niðurstöður sem dregnar eru fram í þessu skjali endurspeglar álit Deloitte, byggt á þeim gögnum sem aðgengileg voru fram að dagsetningu þessa skjals, og geta breyst án fyrirvara. Þó að upplýsingar í þessu skjali hafi verið unnar í góðri trú tekur Deloitte enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli þeirra. Skjal þetta er afhent á þeim forsendum að hvorki Fjármálasvið Deloitte, eigendur né starfsmenn sviðsins séu dregnir til ábyrgðar fyrir rangar eða ónákvæmar upplýsingar, hvort sem þær megi rekja til gáleysis eða annarra ástæðna, né fyrir tjón sem rekja má til mistaka, vanrækslu eða ónákvæmni við gerð þessa skjals. Þetta skjal er eingöngu unnið fyrir verkkaupa og er öðrum aðilum óheimilt að nýta sér efni þess eða byggja ákvarðanir á grundvelli þess nema að fengnu samþykki Fjármálaráðgjafar Deloitte.

Deloitte Touche Tohmatsu Limited

Deloitte vísar til eins eða fleiri aðildarféлага innan Deloitte Touche Tohmatsu Limited sem er breskt félag. Hvert aðildarfélag er aðskilinn lögaðili og óháð eining.

Vinsamlega skoðið www.deloitte.com/about varðandi nákvæma lýsingu á lagalegri uppbyggingu Deloitte Touche Tohmatsu og aðildarfyrirtækjum þess.